

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík  
*Sent rafrænt á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)*

Reykjavík, 9. mars 2021

**Efni: Umsögn Íslandspósts ohf. um frumvarp til laga um pósthjónustu og Byggðastofnun (flutningur póstmála), 534. mál.**

## **I. Inngangur**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur boðið Íslandspósti ohf. (ÍSP) tækifæri til að koma að sjónarmiðum félagsins vegna frumvarps til laga um pósthjónustu og Byggðastofnun (flutningur póstmála), 534. mál.

ÍSP óskar að koma á framfæri þakklæti til nefndarinnar fyrir tækifæri þetta.

Hafa ber í huga að þann 4. nóvember 2020 sendi ÍSP umsögn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í gegnum rafræna samráðsgátt um frumvarp sem var í meginráttum efnislega samhljóða því frumvarpi sem nú liggur fyrir. Í athugasemdum með því frumvarpi sem nú liggur fyrir kemur fram að ÍSP hafi ekki gert athugasemd við tilfærslu eftirlits frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til Byggðastofnunar (BS). ÍSP tók fram í fyrri umsögn að félagið taldi ekki viðeigandi að félagið tæki afstöðu til þess hvaða stofnun fer með eftirlit með starfsemi félagsins. ÍSP er enn á þeirri skoðun og mun því, eftir sem áður, ekki gera athugasemdir við þá formhlið eftirlits með pósthjónustu að verkefnið flytjist til BS

Í athugasemdum með því frumvarpi sem nú liggur fyrir, kemur þó fram að ÍSP hafi gert ýmsar efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Athugasemdir ÍSP voru þó afgreiddar, ásamt athugasemdum annarra umsagnaraðila, með þeim orðum að „[...]athugasemdir umsagnaraðila byggja í flestum tilvikum annað hvort á misskilningi eða eru ekki til bóta.“

ÍSP harmar þá meðferð sem umsögn félagsins fékk, enda telur ÍSP að leitun sé að betri skilningi á málefnum pósthjónustu, en innanhúss hjá félaginu. Þannig geti vart staðist að umsögn ÍSP sé á misskilningi byggð.

Með sömu rökum um sérfræðiþekkingu ÍSP á póstmálum, telur félagið miður að ábendingar hafi ekki verið taldar til bóta. Athugasemdum ÍSP var einmitt ætlað að benda á hvaða aðlaganir megi

gera á þeim ákvæðum sem til stendur að breyta, til þess að bæta megi úr vanköntum sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna og reynslu ÍSP af því að starfa undir lögum um pósthjónustu.

Með fyrri umsögn ÍSP fylgdi einmitt eftirfarandi málsgrein:

*„ÍSP hefur því nokkra reynslu af því að starfa undir þeim reglum sem nú stendur til að færa inn í póstlög. Á þeim grundvelli og vegna þess að nú er í gangi vinna sem veitir ÍSP tækifæri til að færa fram athugasemdir sem ekki hafa komist að um langt skeið, telur ÍSP viðeigandi að færa fram eftirfarandi athugasemdir er snúa að efnishlið eftirlits með pósthjónustu.“*

Af framangreindum ástæðum telur ÍSP fulla ástæðu til þess að fara þess á leit við Umhverfis- og samgöngunefnd, að taka til skoðunar athugasemdir þær er félagið lagði fram, sem byggðar eru á sérfræðipækkingu og reynslu, en hlutu ekki náð fyrir augum þeirra er höfðu málið til umfjöllunar á fyrri stigum.

## **II. Athugasemdir ÍSP við einstaka ákvæði frumvarpsins**

### **2. gr. frumvarpsins**

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingu á 3. gr. póstlaga, er snýr að yfirstjórn og verkefnum BS.

2.tl. ákvæðisins er svohljóðandi:

**Að stuðla að samkeppni á sviði pósthjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum pósthjónustu [nema ef slíkt leiði af lögum þessum].**

ÍSP leggur til að orð innan hornklofa verði bætt við greinina. Röksemd ÍSP er eftirfarandi:

Með þessari breytingu er viðurkennd sérstaða póstlaga gagnvart öðrum lögum. Eins og stendur, hefur ákvæði 2. mgr. 17. gr. valdið óvissu um samrýmanleika póstlaga annars vegar og samkeppnislaga nr. 44/2005 hins vegar. Í hinu fyrrnefnda ákvæði er gerð krafa um að verð fyrir alþjónustu skuli vera hið sama um allt land. Í 5. tl. 4. gr. samkeppnislaga, er hins vegar fjallað um „markað“ í skilningi samkeppnisréttar. Af hinu síðarnefnda ákvæði leiðir að markaðsskilgreining inniheldur afmörkun þjónustu/vöru og þess landfræðilega svæðis þar sem varan/þjónustan er veitt.

Flestum hlýtur að vera ljóst að ekki er um að ræða sömu þjónustuna þegar sending er borin út á Grímshaga í vesturbæ Reykjavíkur og þegar sama sending er borin út á Grímsstöðum á fjöllum. Sú vinna sem liggur að baki þess að flytja umrædda sendingu á sitt hvorn staðinn, er svo ólík sökum mismunar á landfræðilegri legu, að ekki má teljast tækt að um sömu þjónustuna geti verið að ræða í skilningi samkeppnisréttar.

Sú skylda sem nú er að finna í póstlögum um sama verðið um allt land gerir það að verkum að alþjónustuveitandi er settur milli steins og sleggju. Enda leiðir áskilnaður um tilhögun verðlagningar af samkeppnislögum. Þegar tiltekið tilfelli fellur undir tvo lagabálka með ósamrýmanlegum hætti, verður að skera úr um hvor lögin skuli hafa forgang. Löggjafinn hefur

tækifæri til þess með einföldum og kostnaðarlitlum hætti, meðan lausn með aðkomu dómstóla tekur lengri tíma og felur í sér umtalsvert meiri kostnað.

Því leggur ÍSP til að annað hvort verði tekið tillit til breytingar áþekkri þeirri sem félagið hefur sett fram, eða að við þessa endurskoðun á póstlögum verði 2. mgr. 17. gr. felld á brott.

Í áætluðum a. lið 3. tl. 3. gr. segir um verkefni BS:

**Að taka þátt í þróun markaðar fyrir póstpjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að: a. vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á aðstöðu og þjónustu sem tengist póstpjónustu,**

Ákvæði þetta virðist að orðanna hljóðan leggja skyldu á BS, sem á að vera póstrekendur til góða. ÍSP vekur þó athygli á því að ekki er með öllu ljóst hvað efnislegt inntak þessarar greinar er. Slík ákvæði geta snúist upp í andhverfu sína og því er ef til vill betur heima setið en af stað farið að taka slík ákvæði í lög.

Í áætluðum d. lið 3. tl. 3. gr. segir um verkefni BS:

**Stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins með markvissri innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða.**

ÍSP mótmælir því ekki að þróun upplýsingasamfélagsins með markvissri innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða sé af hinu góða. En þó má spyrja hvers vegna kveðið er á um að þetta skuli vera hlutverk eftirlitsaðila. Nær væri að ætla að samkeppni á markaði myndi valda því að rekstraraðilar myndu sjá um innleiðingu á nýrri tækni og vinnubrögðum og ná þar með samkeppnisforskoti á keppinauta sína.

ÍSP leggur til að nauðsyn þessa ákvæðis sé endurmetið.

Í áætluðum 4. tl. 3. gr. segir að BS skuli gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:

- a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu,**
- b. stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við póstrekendur,**
- c. vinna að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs,**
- d. stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæi gjaldskráa og skilmála fyrir notkun almennrar póstpjónustu,**
- e. tryggja hag notenda, þ.m.t. einstakra þjóðfélagshópa, svo sem öryrkja, sem best að því er varðar val, verð og gæði,**

*Um a-lið:* ÍSP bendir á að skylda til að veita alþjónustu er á alþjónustuveitanda, ekki eftirlitsaðila. Sé tilgangur ákvæðis þessa sá að alþjónustuveitandi má vænta liðsinnis BS við þau úrlausnarmál sem standa kunna í vegi fyrir því að veita megi alþjónustu, lýsir ÍSP jákvæðri afstöðu í garð þess að ákvæði þetta rati inn í póstlög. Hins vegar mætti ákvæðið kveða skýrar á um skyldu BS til að veita alþjónustuveitanda liðsinni.

*Um b-lið:* ÍSP spyr hvort þetta sé ekki hlutverk Neytendastofu. ÍSP telur það ekki til stjórnsýslulegrar hagkvæmni ef tvær stofnanir eiga að fara með sömu atvik. Því leggur ÍSP til að ákvæði þetta verði felld á brott.

*Um c-lið:* ÍSP spyr hvort þetta sé ekki hlutverk Persónuverndar og ítrekar það stjórnsýslulega óhagræði af því að tvær stofnanir eiga að fara með sömu atvik, sem ætti að leiða til þess að ákvæði þetta verði felld á brott.

*Um d-lið:* ÍSP hefur ekki athugasemd við d-lið.

*Um e-lið:* ÍSP hefur lagt sig fram um að tryggja hag allra sinna viðskiptavina og hefur sýnt frumkvæði að því að tryggja í samningum sínum að tillit sé tekið til m.a. aðgengi hreyfihamlaðra. ÍSP getur tekið undir að það sjónarmið sem lýst er í e-lið sé göfugt. Hins vegar er ÍSP ekki ljóst hvernig BS á að fara að því að uppfylla þessa skyldu sem á stofnunina er lögð og því óbeint einnig lögð á alþjónustuveitenda. Varar ÍSP við að lögfest séu ákvæði með skyldu sem samtímis er óljós um efnislegt innihald og takmörk skyldunnar, sem og á hvern skyldan er lögð. Slík ákvæði eiga tilhneigingu til þess að verða góðum verkum fótakefli, fremur en leiða til góðs.

### **3. gr. frumvarpsins**

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um kafla sem á að bera heitið „Eftirlit“. Er þar kveðið á um tvær nýjar greinar í pósthög sem fá númerin 4. gr. a og 4. gr. b.

4. gr. a. er ætlað að vera svohljóðandi:

**Byggðastofnun hefur eftirlit með starfsemi póstrekenda, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.**

ÍSP bendir á að atriði þau sem kveðið er á um að BS eigi að sinna eftirliti með skv. ákvæði þessu eru nú þegar eftirlitsskyld atriði samkvæmt öðrum lögum og eftir atvikum á höndum annarra aðila. Vísast því aftur til þess stjórnsýslulega óhagræðis af því að viðhaft sé tvöfalt eftirlit með póstrekendum. Ekki er heldur ljóst hver sú nauðsyn er sem kynni að réttlæta slíka tvöfalda stjórnsýslu. Er því lagt til að þetta ákvæði verði ekki felld inn í pósthög nema tilgangur þess sé gerður skýrari en nú er.

3. mgr. 4. gr. b. er ætlað að vera svohljóðandi:

**Sem hluta af eftirliti er Byggðastofnun heimilt að krefjast þess að henni séu m.a. látnir í té ársreikningar, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.**

ÍSP bendir á að ákvæði þetta er óþarflega íþyngjandi, án þess að nauðsyn réttlæti. Þá er ekki heldur ljóst hvað BS á að gera með þessi gögn. Því telur ÍSP að ekki sé ákjósanlegt að ákvæði þetta rati inn í pósthög.

Eigi ákvæðið engu að síður að rata inn í pósthög, óskar ÍSP eftir því að kveðið sé á með skýrari hætti að ákvæði þetta nái eingöngu til gagna sem séu orðin til á þeim tímapunkti sem um þau er

beðið. Enn fremur telur ÍSP að betur sé gætt að meðalhófi, sé krafa gerð um að BS verði veitt aðgengi að gögnum, ekki afrit.

4. mgr. 4. gr. b. er ætlað að vera svohljóðandi:

**Byggðastofnun getur með sömu skilyrðum og í 3. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.**

ÍSP færir fram sömu varnaðarorð og að framan, nema hvað nauðsyn virðist vera til að auka áherslu á þá ítrekun hér, því þetta ákvæði virðist færa BS ótakmarkaðar heimildir til að krefjast gagna án nokkurrar réttlættingar. Ákvæði sem þetta rímar ekki vel við nútíma áherslur um ábyrga og vandaða stjórnsýsluhætti og ætti því að mati ÍSP ekki að rata í póstlög. Má þá einnig ítreka að ef ekki er tekið mið af því að ÍSP telur ákvæðið ekki eiga heima í póstlögum, þá sé í öllu falli látið nægja að BS yrði veitt aðgengi að gögnum, en ekki afrit, enda myndi slíkt betur samræmast sjónarmiðum um meðalhóf.

#### **4. gr. frumvarpsins**

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingu á 32. gr. laga um pósthjónustu. Er þar tekið fram að seinni tveir málslíðir 3. mgr. 32. gr. skuli vera svohljóðandi:

**Byggðastofnun skal leita álits viðkomandi póstrekkanda á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan hátt. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með ákvörðun.**

**Byggðastofnun er heimilt að setja reglur um lausn slíkra ágreiningsmála**

ÍSP telur nauðsynlegt að við yfirfærslu þessa ákvæðis úr PFSL, yfir í póstlög, sé bætt úr þeim annmarka að ekki er kveðið á um fresti í ákvæðinu. Þannig leggur ÍSP til að kveðið sé á um 2 vikna frest til handa BS til að leita sátta með deiluaðilum. Hafi samkomulag ekki náðst að þeim tíma loknum, hafi BS 3 vikna frest til að taka ákvörðun. Þann frest megi lengja í 2 mánuði hið mesta, að því gefnu að fullnægjandi rök liggi fyrir af hálfu BS fyrir nauðsynlegum viðbótarfrest.

Sé ekki kveðið á um fresti í ákvæði þessu, getur það gerst að stjórnvald dragi að taka ákvörðun. Hafi engin ákvörðun verið tekin, er ekki möguleiki fyrir þá sem hagsmuna hafa að gæta að kæra þá ákvörðun til úrskurðanefndar eða dómstóla. Þannig er aðilum neitað um úrlausn sinna mála.

Þá leggur ÍSP til að BS verði gert skylt, en ekki heimilt, að setja sér reglur um lausn ágreiningsmála.

#### **5. gr. frumvarpsins**

Í 5. gr. b frumvarpsins er fjallað um lausn deilumála milli póstrekkanda og er áætlað að 1. mgr. 40. gr. póstlaga verði svohljóðandi:

**Komi upp deilur milli póstrekkanda um skyldur sem leiðir af lögum getur deiluaðili beint málinu til Byggðastofnunar. Byggðastofnun skal leita sátta með aðilum. Náist ekki samkomulag skal skorið úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra mánaða nema sérstaklega standi á.**

ÍSP vill koma eftirfarandi á framfæri:

Nauðsynlegt er að skýra nánar hugtakið „póstrekandi“ eins og það skal skilið í samhengi þessa ákvæðis. Þá liggur fyrir að póstrekendur starfa eftir mismunandi rekstrarleyfum og því nauðsynlegt að það verði gert skýrt hvort deilur sem falla eiga undir þetta ákvæði gildi aðeins um deilur milli aðila með samskonar rekstrarleyfi eða þá deilur um efni sem nær undir rekstrarleyfi beggja aðila. Deilur sem falla þar fyrir utan ættu þá að fara eftir almennu ákvæði um kvartanir.

Þá telur ÍSP ákjósanlegra að skýrt sé að deilurnar skuli snúa að skyldum sem leiðir af póstlögum, en ekki hvaða lögum sem er, eins og ákvæðið stendur í frumvarpinu.

ÍSP telur enn fremur að sá tími sem BS er veittur til að taka ákvörðun sé of langur til að þolanlegt geti talist fyrir aðila í atvinnurekstri. Betur færi á því að frestur væri 2 mánuðir, en BS hefði heimild, ef stofnunin hefur fullnægjandi rök fyrir því, til að lengja frestinn um 2 mánuði til viðbótar.

Þá er áætlað að 3. mgr. 40. gr. póstlaga verði svohljóðandi:

**Byggðastofnun getur í ákveðnum tilfellum gripið inn í deilur aðila að eigin frumkvæði til þess að ná markmiðum laga um pósthjónustu eða laga um Byggðastofnun**

Um 3. mgr. hefur ÍSP það að athuga að sérkennilegt hlýtur að teljast að BS hafi frumkvæðisheimild til að grípa inn í deilur póstrekenda til að ná fram markmiðum laga um Byggðastofnun. Með þessu ákvæði er ekki betur séð en að sérstaklega sé verið að heimila stjórnvaldsákvörðanir og athafnir sem annars væru taldar markast af valdþurrð. Mælir ÍSP því með að orðin „eða laga um Byggðastofnun“ verði felld á brott úr ákvæðinu.

Þá er áætlað að 3. mgr. 40. gr. póstlaga verði svohljóðandi:

**Byggðastofnun er heimilt að setja reglur um málsmeðferð samkvæmt þessari grein.**

ÍSP bendir á að betur færi á því að BS væri gert skylt, en ekki heimilt, að setja sér reglur um þetta efni, enda kunna hagsmunir í deilumálum sem þessum að vera umtalsverðir.

Í 5. gr. c frumvarpsins er fjallað um heimild til bráðabirgðaákvörðunar og er áætlað að 41. gr. póstlaga verði svohljóðandi:

**Telji Byggðastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum, sem varða kvartanir neytenda, sbr. 32. gr., eða deilur á milli póstrekenda, sbr. 40. gr., án tafar, enda sé hætt á því að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.**

**Byggðastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 32. gr. eða 40. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.**

ÍSP bendir á að þótt það megi lesa úr ákvæðinu skyldu til þess að BS taki ákvörðun í framhaldi þess að hún taki „málið til umfjöllunar“, væri betur á því farið ef ákvæðið yrði gert skýrt þar um.

Þá bendir ÍSP á nauðsyn þess að ákvæðið verði gert skýrara um að líði frestir til ákvarðanatöku skv. 32 eða 40. gr. án þess að ákvörðun sé tekin, jafnvel þótt mál hafi verið tekið „til umfjöllunar“, falli bráðabirgðaákvörðun einnig úr gildi. Ellegar gæti BS tekið bráðabirgðaákvörðun sem hefði óendanlegan gildistíma. Er sérstaklega hætt við þessari stöðu þar sem ekki er kveðið á um fresti til að ljúka máli í núverandi tillögu að 32. gr. Slíkt væri ekki við unandi.

Í 5. gr. d. frumvarpsins er fjallað um kæruehimildir og er áætlað að 42. gr. póslaga verði svohljóðandi:

**Ákvarðanir Byggðastofnunar um pósthjónustu sem teknar eru samkvæmt lögum þessum sæta kærui til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Um meðferð kærui vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 13. gr. laga um Fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.**

ÍSP bendir á að málskotsheimild neðra stjórnisylustigs til dómstóla á ákvörðun úrskurðarnefndar eru umdeilt atriði. Ef til stendur að halda þeim málskotsrétti BS, telur ÍSP rétt að málskot stofnunarinnar ætti ekki að fresta réttaráhrifum ákvörðunar. Hins vegar telur ÍSP að sökum þeirra hagsmuna sem félagið hefur af úrlausn ákvörðunar sem félagið kys að vísa til dómstóla, væri eðlilegra að málskot ÍSP til úrskurðarnefndar og/eða dómstóla fresti réttaráhrifum hinnar umdeildu stjórnvaldsákvörðunar.

Í 5. gr. e. frumvarpsins er fjallað um gjaldröku og er áætlað að 43. gr. póslaga kveði þar á um.

Í áætlaðri 1. mgr. 43. gr. póslaga segir:

**Fyrir tilnefningu alþjónustuveitanda fyrir pósthjónustu greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.**

ÍSP bendir á að ákvæði þetta sé ekki nægilega skýrt. Eins og ákvæðið stendur í frumvarpinu, virðist sem gjald skuli taka af þeim aðila sem tekur að sér að axla alþjónustubyrði, þ.e.a.s. þann kostnað umfram tekjur, sem leiðir af því að veita alþjónustu. Er þarna sérkennilega staðið að verki, því ætla má að þetta gjald myndi teljast til hluta af alþjónustubyrðinni og því yrði það greitt aftur úr ríkissjóði til alþjónustuveitanda. Slíkar tilfærslur á sömu fjármunum gagnast hvorki alþjónustuveitanda, né ríkissjóði. Þvert á móti skapar þetta kostnað í vinnustundum beggja vegna borðsins. Sá eini sem gæti hagnast af þessu ákvæði væri þriðji aðili sem veitir fjármálaþjónustu.

Þá má bæta því við að til að geta orðið alþjónustuveitandi, þarf að vera með póstrekarleyfi sem nú þegar er kveðið á um í 39. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1991.

Því leggur ÍSP til að þessi málsgrein verði felld á brott.

Í áætlaðri 2. mgr. 43. gr. póslaga segir:

**Póstrekendur skulu árlega greiða Byggðastofnun rekstrargjald sem nemur 0,4% af árlegri veltu til stofnunarinnar. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af [leyfisskyldri] póststarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári sem þær verða til.**

ÍSP bendir á að hugtakið „Póstrekandi“ er ekki nánar skilgreint í þessu ákvæði og nauðsynlegt er að svo væri gert með skýrari hætti. Í því samhengi bendir ÍSP á að ákjósanlegt væri að kveðið væri skýrlega á um í lögum að birta skuli lista yfir póstrekendur. Þetta tengist bæði þessari grein með því að þannig væri gagnsætt hverjum væri skylt að standa skil á rekstrargjöldum, ljóst væri hvort deilumál skyldu fara eftir 32. eða 40. gr., auk þess að staða neytenda og annarra viðsemjenda yrði betur tryggð með því að þeim væri mögulegt að ganga úr skugga um hvort og hvernig rekstrarleyfi viðkomandi aðili hefur hlotið.

Þá mælir ÍSP með því að innskot innan hornklofa verði bætt við greinina. Röksemdir ÍSP eru eftirfarandi:

Með því að bæta „*leyfisskyldri*“ starfsemi væri betur afmarkað hvaða veltu við er átt – enda geta póstrekendur verið hluti af fyrirtækjasamstæðu sem sinnir fjölbreytilegum verkefnum.

Í áætlaðri 3. mgr. 43. gr. póstlaga segir:

**Póstrekendur skulu skila Byggðastofnun upplýsingum um gjaldskylda veltu eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Berist Byggðastofnun ekki upplýsingar innan tilskilins tíma er stofnuninni heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila [, nema aðstæður hafi staðið því í vegi og póstrekandi hafi ekki sýnt af sér tómlæti].**

ÍSP mælir með því að orð innan hornklofa verði bætt við greinina. Rök ÍSP eru eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að skapa svigrúm fyrir póstrekanda, skyldu aðstæður krefjast. Uppgjör á póstrekestri er umfangsmikið starf og upplýsingar þessar sem kveðið er á um koma úr vinnu við ársreikning. Ekki má mikið út af bregða til þess að vinna við uppgjör tejfist.

Í áætlaðri 4. mgr. 43. gr. póstlaga segir:

**Álagning rekstrargjalds skv. 4. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert, [nema aðstæður í lokamálslið 3. mgr. eigi við]. Byggðastofnun gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Rekstrargjald greiðist með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. desember og eindagi 15. desember. Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hvernar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.**

ÍSP mælir með því að orð innan hornklofa verði bætt við greinina. Rök ÍSP eru eftirfarandi:

Eðlilegt verður að teljast að samræmi sé milli dagsetninga í 3. og 4. mgr. Sé tekið mið af athugasemdum varðandi 3. mgr., má telja nauðsynlegt að 4. mgr. taki einnig með sér breytingu til samræmis.

Í áætlaðri 5. mgr. 43. gr. póstlaga segir:

**Vanræki póstrekandi [verulega] greiðslu rekstrargjalds er Byggðastofnun heimilt að fella niður starfsheimild viðkomandi fyrirtækis.**

ÍSP mælir með því að orð innan hornklofa verði bætt við greinina. Rök ÍSP eru eftirfarandi:



Niðurfelling starfsleyfis er mjög íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og því er nauðsynlegt að gætt sé meðalhófs. Með því að gera kröfu um „verulega“ vanrækslu er slíkt meðalhóf betur tryggt í lögum.

Í áætlaðri 6. mgr. 43. gr. póstlaga segir:

**Byggðastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar. [Byggðastofnun er skylt að gefa út og birta opinberlega leiðbeiningar um hvernig ákvarða skal álagningarstofn. Heimild til að ákvarða álagningu að nýju skal bundin við að slíkum leiðbeiningum sé ekki fylgt.]**

ÍSP mælir með því að orð innan hornklofa verði bætt við greinina. Rök ÍSP eru eftirfarandi:

Með þessum breytingartillögum er betur tryggt að meginregla stjórnsýsluréttarins um leiðbeiningarskyldu stjórnvalds sé virtur, auk þess sem fyrirsjáanleiki rekstraraðila er aukinn, sem aftur auðveldar pótrekanda að uppfylla kröfur áætlaðrar 2. mgr. 43. gr. Þá veitir þessi breyting einnig styrkari lagastoð fyrir þeirri íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun að endurákvæða rekstrargjald.

Í áætlaðri 7. mgr. 43. gr. póstlaga segir:

**Byggðastofnun getur gert póstrekanda að greiða samkvæmt reikningi útlagðan kostnað, svo sem vegna sérfræðivinnu, við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og rekja má sérstakan kostnaðarauka til atvika er varða fyrirtækið.**

ÍSP leggur til að ákvæði þetta verði felld á brott úr frumvarpinu. Rök ÍSP eru eftirfarandi:

Rekstargjaldið sem innheimt er á grundvelli áætlaðrar 2. mgr. 43. gr. póstlaga, á að standa undir eftirliti með póstrekendum. Þessi áætlaða 7. mgr. er ekki ýkja styrk lagastoð fyrir gjaldheimtu, nema sýnt sé fram á að rekstrargjaldið standi ekki undir kostnaðnum, enda skal kveðið á um gjaldtöku skýrlega í lögum. Skýrleikakrafan virðist ekki uppfyllt í þessu tilfelli. Þvert á móti skapa ákvæði sem þetta vissan freistnivanda fyrir stjórnsýslueiningu til að fara fram úr kostnaði, þar sem öðrum aðila er gert að standa undir kostnaðnum. Slíkt fyrirkomulag á illa saman við metnað íslenska ríkisins til að stunda ábyrga og faglega stjórnsýslu.

Sé ekki á það fallist með ÍSP að málsgrein þessi verði felld á brott, er sett fram sú tillaga að BS verði gert að sækja um leyfi til ráðherra áður en lagt er út í verkefni eða aðgerðir sem póstrekendum er sendur reikningurinn fyrir.

Í áætlaðri 8. mgr. 43. gr. póstlaga segir:

**Ráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Byggðastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir skráningu fyrirtækja og útgáfu leyfisbréfa og skirteina. Auk þess er Byggðastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar**

**og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds sem af því leiðir. [Byggðastofnun skal leggja fram nákvæma og sundurgreinda útreikninga fyrir þeim kostnaði sem lagður er til grundvallar gjaldheimtu samkvæmt málsgrein þessari].**

ÍSP mælir með því að orð innan hornklofa verði bætt við greinina. Rök ÍSP eru eftirfarandi:

ÍSP telur að viðbætur þessar geri BS kleyft að uppfylla þann metnað íslenska ríkisins til þess að stjórnsýslan teljist einkennast af ábyrgð og opnum fjármálum.

Í 5. gr. f. frumvarpsins er fjallað um dagsektir og innheimtu. Er áætlað að 44. gr. póstlaga verði svohljóðandi:

**Þegar póstrekandi fer ekki að ákvæðum laga þessara, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Byggðastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför.**

ÍSP leggur til að orðin „skilyrðum almennrar heimildar“ verði felld á brott, eða nánar útskýrt við hvað er átt. Eins og ákvæðið stendur, er merking þessara orða nægilega óljós til að vera líklegri til að valda óhagræði fremur en vera til framdráttar þegar horft er fram á veginn.

## **12. gr. frumvarpsins**

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um BS. Er þar kveðið á um að heimild BS til að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu.

ÍSP óskar eftir að koma því á framfæri að þess ber að gæta að þessi breyting á lögum um BS verði ekki álitin heimild fyrir stofnunina til þess að innheimta gjöld fyrir eftirlit með póstrekendum. Rekstrargjöld sem póstrekendur greiða eiga að standa undir kostnaði við eftirlitið.

f.h. Íslandspósts ohf.

Kristinn Már Reynisson